



**Skilmálar um skerðanlegan flutning  
og  
Skilmálar um skerðingar  
og  
skömmtun rafmagns**

Kynning fyrir viðskiptamannaráð  
11.11.09

## Efni

- Netmáli Landsnets
- Skilmálar um skerðanlegan flutning
- Skilmálar um skerðingar og skömmtun rafmagns
- Breytingar á almennum skilmálum Landsnets

# Netmáli Landsnets

Útgefni skilmálar  
í drögum

## A. Almennir skilmálar um raforkuflutning

### E. Hönnun

Hér koma skilmálar er varða hönnunarkröfur til flutningskerfis og einstakra mannvirkja, svo sem

- Hönnunarferli
- Flutningsgetu
- Skilyrði er varða truflanir
- Og fleira

Verður hliðstætt við reglur Nordel (Nordel Grid Code)

### D. Tenging

D1. Skilmálar um tæknilegar kröfur til vinnslueininga

Aðrir skilmálar er varða tengingu

### C. Rekstur

C1. Skilmálar um rof og vinnu í flutningskerfinu

C2. Skilmálar um kerfisþjónustu

C3. Skilmálar um öflun og uppgjör varaafis

C4. Skilmálar um vinnsluáætlanir

C5. Skilmálar um skerðingu og skömmtun rafmagns

C6. Skilmálar um flutningstakmarkanir

### B. Viðskipti

B1. Gjaldskrá

B2. Skilmálar um sölu-mælingar og uppgjör

B3. Skilmálar um öflun reglunarafis og uppgjör jöfnunarorku

B4. Skilmálar um ákvörðun verðs fyrir flutning raforku til stórnotenda

B5. Skilmálar um skerðanlegan flutning

B6. Skilmálar um samskipti aðila á raforkumarkaði

B7. Skilmálar um mæligögn, notkunarferill og notkunarferilsuppgjör

B8. Skilmálar um sérstakt tengigjald

B.9 Skilmálar um afhendingu rafmagns til stórnotenda á lægri spennu en 132 kV

# Skilmálar um skerðanlegan flutning

## **B.5 Skilmálar um skerðanlegan flutning**

### **0. Breytingar frá fyrri útgáfu**

Hér er um frumútgáfu að ræða.

### **1. Inngangur**

- 1.1 Skilmálar þessir eru settir á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum og reglugerðum nr. 511/2003 um framkvæmd raforkulaga með síðari breytingum, nr. 513/2003 um kerfisstjórnun, nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar, og nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi.
- 1.2 Skilmálar þessir hafa verið staðfestir af ráðherra sbr. 6 mgr. 9. gr raforkulaga.
- 1.3 Skilmálar þessir eiga aðeins við samningsbundnar skerðingarheimildir Landsnets hjá dreifiveitum og eru þá skerðingar skv. 9. mgr. 9 gr. raforkulaga undanþegnar.

## 2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir skilmála þessa:

- 2.1 *Almennur notandi* er sá sem kaupir raforku til eigin nota, en er ekki stórnotandi.
- 2.2 *Dreifiveita* er fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.
- 2.3 *Kerfisöngur* (flöskuhálsar) eru þær aðstæður þegar flutningsgeta flutningsvirkis eða hluta flutningskerfis er ófullnægjandi, þannig að takmarka þurfi orkuflutning.
- 2.4 ***(N-1)-afhending á við það að rof á stakri einingu í flutningskerfi veldur ekki takmörkun á afhendingu eða afhendingarrofi á viðkomandi afhendingarstað.***
- 2.5 ***Ótryggt rafmagn á við raforkunotkun sem vinnslufyrirtæki er heimilt að skerða samkvæmt skilmálum viðkomandi fyrirtækis um sölu ótryggðs rafmagns.***
- 2.6 ***Skerðanlegur flutningur á við raforkunotkun sem Landsneti er heimilt að láta skerða vegna þeirra tilvika sem tilgreind eru í gr. 5.1. Skerðingar og skömmtun skv. 9. mgr. 9 gr. raforkulaga eru hér undanþegnar.***
- 2.7 *Raforkuver/virkjun* er mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun.
- 2.8 *Rekstrartruflun* er sjálfvirk útleysing, handvirkt rof sem ekki er áætlað eða misheppnuð innsetning eftir bilun í raforkukerfinu.
- 2.9 *Skerðing* er rof eða tímabundin takmörkun á skerðanlegum flutningi til notanda og er hún annað hvort *sjálfvirk* eða *handvirk*. Sérstakur búnaður í raforkukerfinu veldur *sjálfvirkri skerðingu* fari tíðni eða spennu undir viss mörk eða vegna álagstakmarkana. *Handvirk skerðing* er framkvæmd af Landsneti eða af *dreifiveitu* hvenær sem Landsnet óskar þess.
- 2.10 *Skerðingartími* er sá tími sem skerðing stendur yfir og telst upphaf hans frá þeim tíma, sem Landsnet sendir út boð um skerðingu. Skerðingartíma telst lokið um leið og Landsnet hefur tilkynnt um að skerðingu sé aflétt.
- 2.11 *Tímabundnar flutningstakmarkanir* eru kerfisöngur sem hafa ekki verið skilgreindar sem varanlegar flutningstakmarkanir og eru ekki afleiðing rekstrartruflana.
- 2.12 *Varanlegar flutningstakmarkanir* eru kerfisöngur sem eru viðvarandi á ákveðnum stað af kerfislegum ástæðum og eru ekki afleiðing rekstrartruflana.

### 3. Almennt

- 3.1 Landsnet sinnir lögboðinni skyldu sinni um að tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu, meðal annars með samningum um skerðanlegan flutning, en slíkir samningar gera Landsneti kleift að nýta flutningskerfið betur en ella.
- 3.2 **Dreifiveita skal gera samning við Landsnet um skerðanlegan flutning. Í viðauka samningsins skulu taldir upp notendur skerðanlegs flutnings hjá viðkomandi dreifiveitu og skal hver og einn þeirra vera samþykktur af Landsneti. Dreifiveita skal gera samning við viðkomandi notendur. Samþykki Landsnets fyrir notanda skerðanlegs flutnings er háð því að viðkomandi notandi sé á svæði sem ekki nýtur (N-1)-afhendingar eða viðkomandi notandi kaupi ótryggt rafmagn. Þó er notandi dreifiveitu aldrei samþykktur ef flutningur fyrir hann hefur í för með sér þörf fyrir fjárfestingar í flutningskerfinu á kostnað Landsnets eða ef Landsnet telur það ekki samrýmast markmiðum raforkulaga varðandi öruggan rekstur raforkukerfisins. Komi til þess að notanda sé hafnað vegna skerðanlegs flutnings skal Landsnet rökstyðja þá ákvörðun.**
- 3.3 **Samningur notanda við dreifiveitu vegna skerðanlegrar dreifingar skal liggja fyrir, áður en dreifiveita semur um skerðanlegan flutning fyrir hann við Landsnet.**

## 4. Skyldur dreifiveitna

- 4.1 Dreifiveita skal hafa tengisamning við Landsnet.
- 4.2 **Málafli þess búnaðar, sem settur er upp vegna úttektar hjá notanda skerðanlegs flutnings á einum stað, skal vera að minnsta kosti 1 MW.**
- 4.3 Kröfur til mælibúnaðar og meðferðar mæli- og uppgjörsgagna fyrir skerðanlegan flutning eru þær sömu og gilda fyrir afhendingu raforku almennt, þ.e.a.s. í samræmi við reglugerð nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar með síðari breytingum og skilmála B6 um samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli- og uppgjörsgögn.
- 4.4 Dreifiveita ábyrgist að rofabúnaður til rofs á afhendingu skerðanlegs flutnings sé tengdur álagsstýrikerfi eða fjarstýrikerfi dreifiveitunnar, eða á annan þann hátt, sem Landsnet telur fullnægjandi, og að tryggt sé að orkuafhending verði skert þegar Landsnet óskar. Ekki er heimilt að tengja búnað sem fær skerðanlegan flutning á annan hátt við rafdreifikerfi en um fyrnefndan rofabúnað.
- 4.5 **Landsnet tekur ákvörðun um hvenær skerðing á sér stað sbr. gr. 5.1. Landsnet sér um framkvæmd skerðingar eða dreifiveita samkvæmt fyrirmælum Landsnets.**
- 4.6 **Landsnet mun aðvara dreifiveitu með þeim fyrirvara, sem við verður komið hverju sinni, þegar ætla má, að skerðing eða rof sé yfirvofandi og upplýsa eftir því sem unnt er hvað gera megi ráð fyrir að skerðingin eða rofið verði viðtækt eða langvinnt. Fyrirvarinn skal ekki vera skemmri en tvær klukkustundir, ef mögulegt er.**
- 4.7 **Óski Landsnet þess skal dreifiveita tryggja að búnaður til skerðingar, ásamt tengingu við orkustjórnkerfi Landsnets sé til staðar hjá notanda skerðanlegs flutnings.**
- 4.8 **Óski Landsnet þess skal dreifiveita tryggja að búnaður til sjálfvirkra skerðinga vegna undirtíðni og undirspennu sé til staðar hjá notendum skerðanlegs flutnings. Landsnet ákveður í samráði við viðkomandi dreifiveitu stillingar búnaðarins.**
- 4.9 **Eftir að dreifiveita fær fyrirmæli um að skerða, skal hún staðfesta svo fljótt sem hægt er til Landsnets að skerðing hafi verið framkvæmd og upplýsa um heildarafli skerðingarinnar.**

## 5. Heimildir og skyldur Landsnets

### 5.1 Landsnet hefur heimild til að skerða þegar um er að ræða:

- Nauðsynlegar afltakmarkanir til að koma í veg fyrir yfirálag
- rekstrartruflanir í flutningskerfinu
- fyrirbyggjandi ráðstafanir vegna rekstraröryggis flutningskerfisins
- tímabundinn aflskort vegna rekstrartruflana í virkjunum
- tímabundnar flutningstakmarkanir
- viðhald í flutningskerfinu
- reglubundnar prófanir eða
- önnur tilvik þar sem skerðing er nauðsynleg er til að tryggja öruggan rekstur raforkukerfisins.

Skerðing vegna rekstrartruflana í virkjunum skal vera eins stutt og kostur er og aldrei lengri en 24 klukkustundir í hverju tilfalli.

### 5.2 Landsnet mun tilkynna dreifiveitu og öðrum viðskiptavinum Landsnets sem þess óska með þeim fyrirvara sem við verður komið hverju sinni, um yfirvofandi skerðingu og upplýsa um væntanlegt umfang og tímalengd hennar eftir því sem unnt er.

### 5.3 Landsnet mun birta á heimasíðu sinni með þeim fyrirvara, sem við verður komið hverju sinni, upplýsingar um skerðingar, þar sem fram kemur um hvaða dreifiveitu og landssvæði er að ræða, væntanlegt umfang og tímalengd skerðingar.

## 6. Gjaldskrá fyrir skerðanlegan flutning

6.1 Flutningsgjald á skerðanlegum flutningi er samkvæmt gjaldskrá Landsnets.

## 7. Ábyrgð

7.1 Ákvæði almennra skilmála um flutning raforku og kerfisstjórnun (nr. A.1) varðandi ábyrgð skulu einnig gilda um skilmála þessa.

7.2 Ákvæði almennra skilmála um flutning raforku og kerfisstjórnunar varðandi "force majeure" skulu einnig gilda um skilmála þessa.

## 8. Brot á skilmálum

8.1 Ef annar hvor samningsaðilinn vanrækir skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða samningi um skerðanlegan flutning og vanefnd telst veruleg, er gagnaðilanum heimilt að rifta samningi um skerðanlegan flutning, eða óska eftir að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. kafla raforkulaga.

8.2 Sé sýnt að notandi skerðanlegs flutnings hafi ekki verið skertur þó svo að Landsnet hafi farið fram á það, þá verður innheimt af viðkomandi dreifiveitu tvöfalt afgangsgjald vegna viðkomandi notanda skerðanlegs flutnings, fyrir þann mánuð sem skerðingin átti að fara fram. Endurtaki slíkt tilvik sig mun skerðanlegur flutningur ekki bjóðast viðkomandi notanda lengur og skal viðauka samnings viðkomandi dreifiveitu breytt í samræmi við það.

## 9. Eftirlit og úrræði

- 9.1 Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtæki starfi samkvæmt lögum nr. 65/2003 og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum, reglugerðum og skilmálum þessum.
- 9.2 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða þessara skilmála skal í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. kafla raforkulaga leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Verði ágreiningi ekki skotið til Orkustofnunar má vísa málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

## 10. Tilvísanir og viðaukar

- 10.1 Samningur um skerðanlegan flutning.
- 10.2 A.1 Almennir skilmálar um flutning rafmagns og kerfisstjórnun.
- 10.3 B.6 Skilmálar um samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli- og uppgjörsöggn.

# Skilmálar um skerðingar og skömmtun rafmagns

## **C.5 Skilmálar um skerðingar og skömmtun rafmagns**

### **0. Breytingar frá fyrri útgáfu**

Hér er um frumútgáfu að ræða.

### **1. Inngangur**

- 1.1 Skilmálar þessir eru settir á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum, og reglugerðum nr. 513/2003 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu og nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi með síðari breytingum.
- 1.2 Skilmálar þessir hafa verið staðfestir af ráðherra sbr. 6 mgr. 9. gr. raforkulaga.

## 2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir skilmála þessa:

- 2.1 *Bilun* er það ástand þegar eining í raforkukerfinu fer úr rekstri eða hefur takmarkaða getu til að sinna hlutverki sínu.
- 2.2 *Flutningskerfi* er raflínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórmotenda og til dreifiveitna á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum. Það nær frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr. raforkulaga, að háspennuhlið aðveituspenna stórmotenda eða dreifiveitna.
- 2.3 *Jöfnunarorkuverð* er markaðsverð á jöfnunarorku. Öll frávik frá áætlun eru gerð upp á jöfnunarorkuverði. Jöfnunarorkuverð er fast fyrir hverja klukkustund.
- 2.4 *Kerfisöngur* (flöskuháls) eru þær aðstæður þegar flutningsgeta flutningsvirkis eða hluta flutningskerfis er ófullnægjandi, þannig að takmarka þurfi orkuflutning.
- 2.5 *Ótryggt rafmagn* á við raforkunotkun sem Landsneti er heimilt að láta skerða samkvæmt skilmálum viðkomandi vinnslufyrirtækis um sölu ótryggðs rafmagns.
- 2.6 *Reglunarafl* er það afl sem Landsnet nýtir til að jafna frávik milli áætlaðrar og raunverulegrar heildaraflnotkunar í raforkukerfinu.
- 2.7 *Reglunaraflsmarkaður* er innkaupsmarkaður Landsnets fyrir reglunarafl.
- 2.8 *Reglunaraflstrygging* nefnist það þegar Landsnet gerir samning við vinnslufyrirtæki um að það bjóði yfir ákveðin tímabil ákveðið lágmark reglunarafls innan tilgreindra afl- og verðmarka á reglunaraflsmarkaðnum. Reglunaraflstrygging tryggir lágmarks framboð á reglunaraflsmarkaði.
- 2.9 *Reiðuafl* á við um það afl sem vinnslueining með sjálfvirkri tíðnireglun getur framleitt til viðbótar án fyrirvara. Reiðuafl er skilgreint við 50 Hz tíðni og á við um vinnslueiningar sem framleiða raunafl inn á net þá stundina.
- 2.10 *Rekstrartruflun* er sjálfvirk útleysing, handvirkt rof sem ekki er áætlað eða misheppnuð innsetning eftir bilun í raforkukerfinu.
- 2.11 *Skerðanlegur flutningur* á við raforkunotkun sem Landsneti er heimilt að láta skerða vegna þeirra tilvika sem tilgreind eru í gr. 5.1 í skilmálum um skerðanlegan flutning. Skömmtun skv. 9. mgr. 9 gr. raforkulaga er hér undanþegin.

- 2.12 **Skerðing** er rof eða tímabundin takmörkun á raforkuafhendingu til notanda og er hún annað hvort *sjálfvirk* eða *handvirk*. Sérstakur búnaður í raforkukerfinu veldur *sjálfvirkri skerðingu* fari tíðni eða spennu undir viss mörk eða vegna álagstakmarkana. *Handvirk skerðing* er framkvæmd af Landsneti eða af *dreifiveitu* hvenær sem Landsnet óskar þess.
- 2.13 **Skömmtnun** er rof eða tímabundin takmörkun á raforkuafhendingu til notanda vegna ófyrirséðra og óviðráðanlegra atvika sbr. 9 mgr. 9. gr. raforkulaga.
- 2.14 *Stórnotandi* er notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma 8000 stundir eða meira.
- 2.15 *Tímabundnar flutningstakmarkanir* eru kerfisöngur sem hafa ekki verið skilgreindar sem varanlegar flutningstakmarkanir og eru ekki afleiðing rekstrartruflana.
- 2.16 *Uppreglun* á við þörf fyrir jákvætt reglunar afl, þ.e. það afl sem þarf að bæta inn á kerfið þegar raunnotkun er meiri en áætluð notkun í raforkukerfinu í heild.
- 2.17 *Varaafl* á við aflgetu tiltækrar virkjunar, sem ekki er fösuð við raforkukerfið, en hægt er að ræsa, fasa við kerfið og nýta að fullu innan ákveðinna tímamarka eftir að beiðni er send.
- 2.18 *Varanlegar flutningstakmarkanir* eru kerfisöngur sem er viðvarandi á ákveðnum stað af kerfislegum ástæðum og eru ekki afleiðing rekstrartruflana.
- 2.19 *Vinnsluáætlun* vinnslufyrirtækis skal innihalda tölulegar upplýsingar um fyrirhugaða framleiðslu þeirra virkjana þess sem hafa 7 MW aflgetu eða meira. Vinnsluáætlun er gerð fyrir einn dag í senn, klukkustund fyrir klukkustund.
- 2.20 *Vinnslufyrirtæki* er fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.
- 2.21 **Umframeftirspurn** á við það ástand flutningskerfisins þegar samhlöð framleiðsla, samkvæmt vinnsluáætlunum, að viðbættu því afli sem boðið er á reglunarafismarkaði, er lægra en raunveruleg heildarnotkun.

### 3. Almenn

- 3.1 Landsnet sinnir lögboðinni skyldu sinni að tryggja öruggan rekstur og stöðugleika flutningskerfis meðal annars með því að setja reglur um skömmtun sbr. 9 mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum og sbr. 4., 5., og 6. gr. reglugerðar nr. 513/2003 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu. Í ljósi lögbundinna skyldna Landsnets er því nauðsynlegt að skerða og skammta rafmagn við ákveðnar kringumstæður eins og nánar er kveðið á um í skilmálum þessum.
- 3.2 **Aðgerðir Landsnets er lúta að skerðingum og skömmtun eru einkum vegna (i) aflskorts eftir truflanir í flutningskerfinu, (ii) aflskorts eftir truflanir í vinnslukerfinu og vegna umframeftirspurnar og (iii) svæðisbundinna takmarkana á flutningsgetu.**
- 3.3 **Landsnet setur upp undirtíðni- og undirspennuvarnir til að tryggja öruggan rekstur flutningskerfisins. Varnir þessar valda sjálfvirkri skerðingu álags hjá viðskiptavinum við ákveðnar kerfislegar aðstæður. Reglur þar að lútandi eru teknar fyrir í kafla 7 í skilmálum þessum.**

4. Skerðing og skömmtun vegna aflskorts eftir truflanir í flutningskerfi
- 4.1 Landsnet hefur eftirfarandi heimildir til að mæta aflskorti eftir truflanir í flutningskerfinu og þeim er beitt í þessari röð:
- (1) Skerðing á ótryggðu rafmagni og á skerðanlegum flutningi og nýting skerðingarheimilda hjá stórnötendum, sbr. gr. 4.2.
  - (2) Nýting reglunarafls, sbr. gr. 4.3.
  - (3) Hámarkun framleiðslu hjá vinnslufyrirtækjum, sbr. gr. 4.4.
  - (4) Framleiðsla með varaafli, sbr. skilmála C.3 um öflun og uppgjör vegna varaafls.
  - (5) Skömmtun, sbr. gr. 4.5.
- 4.2 Skerðing á ótryggðu rafmagni og skerðanlegum flutningi er í samræmi við skilmála viðkomandi vinnslufyrirtækis og skilmála B.5 um skerðanlegan flutning. Skerðingar hjá stórnötendum eru í samræmi við samninga.
- 4.3 Nýting reglunarafls vegna truflana í flutningskerfi eða vinnslukerfi er skv. skilmálum B.3 um öflun reglunarafls og uppgjör jöfnunarorku.
- 4.4 Vinnslufyrirtæki skulu hámarka framleiðslu sína, óski Landsnet eftir því vegna truflana í flutningskerfi. Þau frávík frá áætlunum, sem verða vegna þessa, eru gerð upp á því jöfnunarorkuverði sem er í gildi hverju sinni.
- 4.5 Komi til þess að Landsnet þurfi að skammta skal leitast við að gera það hlutfallslega jafnt hjá öllum viðskiptavinum svo fremi, að kerfisöngur komi ekki í veg fyrir það. Viðkomandi viðskiptavinum er skylt að bregðast við beiðni Landsnets um skömmtun án tafar. Leitast skal við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðþjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu.

5. Skerðing og skömmtun vegna aflskorts eftir truflanir í virkjunum og vegna umframeftirspurnar
  - 5.1 Landsnet hefur eftirfarandi heimildir til að mæta aflskorti eftir truflanir í virkjunum og vegna umframeftirspurnar. Heimildunum er beitt í þessari röð:
    - (1) Nýting reglunarafls, sbr. gr. 4.3.
    - (2) Skerðing á ótryggðu rafmagni og skerðanlegum flutningi og nýting skerðingarheimilda hjá stórnotendum, sbr. gr. 4.2.
    - (3) Framleiðsla með varaafli, sbr. skilmála C.3 um öflun og uppgjör vegna varaafls.
    - (4) Hámarkun framleiðslu hjá vinnslufyrirtækjum, sbr. gr. 4.4.
    - (5) Skömmtun, sbr. gr. 4.5.
6. Skerðing vegna takmarkana á flutningsgetu
  - 6.1 Skerðingar vegna takmarkana á flutningsgetu eru í samræmi við skilmála C.6 Skilmálar um flutningstakmarkanir.

## 7. Skerðing vegna undirtíðni- og undirspennu

- 7.1 Landsnet gerir samkomulag um útfærslu við stórnotendur og dreifiveitur vegna undirtíðni- og undirspennuvarna. Í slíku samkomulagi felst að sjálfvirkur búnaður skerði afhendingu til viðkomandi stórnotenda eða dreifiveitu þegar ákveðnum tíðni- eða spennumörkum er náð.
- 7.2 Komi til skerðingar vegna undirtíðni- eða undirspennuvarna skal Landsnet leitast við að aflétta skerðingu eins fljótt og mögulegt er.

## 8. Upplýsingaskylda Landsnets vegna skerðingar og skömmtunar

- 8.1 Gripi Landsnet til skerðinga og/eða skömmtunar skal það upplýsa viðkomandi viðskiptavini svo fljótt sem auðið er. Koma skal fram tímabil skömmtunar/skerðingar og áætlað umfang.
- 8.2 Landsnet skal gefa viðskiptavinum sínum skýringar á skömmtun og/eða skerðingu ekki síðar en næsta virka dag eftir upphaf skömmtunar/skerðingar.
- 8.3 Auk þessa 8. kafla gildir 5. gr. skilmála B.5 um upplýsingaskyldu vegna skerðingar skerðanlegs flutnings.

## 9. Ábyrgð

- 9.1 Að því er varðar dreifiveitur skulu ákvæði almennra skilmála um flutning raforku og kerfisstjórnun (nr. A.1) varðandi ábyrgð gilda um þessa skilmála.
- 9.2 Að því er varðar stórnötendur skulu ákvæði viðkomandi samninga gilda um ábyrgð.

## 10. Óviðráðanleg öfl

- 10.1 Ákvæði almennra skilmála um flutning raforku og kerfisstjórnun (nr. A.1) varðandi óviðráðanleg öfl skulu einnig gilda um þessa skilmála.

## 11. Brot á skilmálum

- 11.1 Heimilt er að óska eftir því að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga ef brotið er gegn skilmálum þessum.

## 12. Eftirlit og úrræði

- 12.1 Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtæki starfi samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum, reglugerðum og skilmálum þessum.
- 12.2 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða þessara skilmála skal í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Verði ágreiningi ekki skotið til Orkustofnunar má vísa málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

## 13. Tilvísanir

- 13.1 A.1 Almennir skilmálar um flutning raforku og kerfisstjórnun.
- 13.2 B.3 Skilmálar um öflun reglunarafls og uppgjör jöfnunarorku.
- 13.3 B.5 Skilmálar um skerðanlegan flutning.
- 13.4 C.3 Skilmálar um öflun og uppgjör vegna varaafls.
- 13.5 C.6 Skilmálar um flutningstakmarkanir.

# Breytingar á almennum skilmálum Landsnets



LANDSNET

- 8.2 Landsnet fylgir skilmálum um skerðingar og skömmtun rafmagns (C5) við skömmtun rafmagns.
- 8.4 Sjái Landsnet fyrir að truflanir muni verða á afhendingu rafmagns skal það, eins fljótt og unnt er, gera viðkomandi viðskiptavini aðvart. Reynist Landsneti ókleift af öflum sem það fær ekki ráðið við (force majeure), sbr. 10. gr. þessara skilmála eða á grundvelli annarra ákvæða skilmála Landsnets eða samninga, að afhenda viðskiptavini umsamið rafmagn, er Landsnet laust undan samningsskyldu sinni til flutnings rafmagns að svo miklu leyti, sem slík atvik valda. Hins vegar skal Landsnet eins fljótt og auðið er, gera það, sem í þess valdi stendur og réttmætt getur talist vegna kostnaðar til að ráða bót á slíkum atvikum.
- 8.7 Í samræmi við skilmála Landsnets og samninga við Landsnet um skerðanlegan flutning er Landsneti heimilt að skerða eða rjúfa með skömmum fyrirvara skerðanlegan flutning.

**Deleted:** verklagsreglu VKL-21 (Stýring og gæsla raforkukerfisins), undirskjali REG-9 (Skerðing á afli til viðskiptavina með stuttum fyrirvara),

**Deleted:** notkun

**Deleted:** skerðanlega notkun

# Athugasemdir

## Athugasemdir við skilmálana

- Óskað er eftir athugasemdum frá aðilum viðskiptamannaráðs eigi síðar en 4. desember næstkomandi
- Stefnt að gildistöku nýrra skilmála 1. janúar 2010